

Efni: Slysa- og bráða almennt

Ábyrgð: Bráðalækningar - Forstöðulæknir

Útgáfudagur: 20.10.2021

SJÚKRAFLUG

Gátlisti vegna útkalls og undirbúnings fyrir sjúkraflug

Dagsetning: _____

Klukkan: _____

Persónuupplýsingar

Hjúkrunarfræðingur eða læknir á bráðamóttöku hringir í 112 og kallar út sjúkraflug.

- Flug með lækni.
Já Nei
- Aðstandandi fylgir með.
Já Nei

Atriði sem þarf að huga að:

Læknar

- Gera beiðni fyrir sjúkraflug og láta hana fylgja sjúklingi.
- Hafa samband við ábyrgan sérfræðing á LSH.
- Fá staðfest hvert sjúklingur á að flytjast. Ef sjúklingur flyst beint á deild þá þarf að hafa samband við deildarlækni viðkomandi deildar.
- Ritun læknabréfs í SÖGU.
- Pantarauðkornaþykki og plasma ef þörf er á.

Hjúkrunarfræðingar

- Sjúklingur hafi tryggan æðaaðgang.
- Sjúklingur sé merktur með kennibandi.
- Eigur sjúklings settar í poka sem merktur er með nafni viðkomandi.
- Ljósrita pappíra ef við á. Fyrir sjúklinga með vandamál tengd hjarta, tryggja að hjartalínurit hafi skilað sér inn í Heilsugátt. Ef ekki þarf að prenta út rit úr hjartalínuritstæki og senda með.
- Skrá upplýsingar um sjúkling inn í SÖGU.